

## Fundur Betadeildar fimmtudaginn 24. mars 2011

Fundarstaður: Lundarskóli

Mættar voru 15 félagskonur og tveir nýliðar.

Dagskrá:

1. Setning fundar
  2. Fundargerð síðasta fundar lesin
  3. Kosning nýrra félaga – niðurstaða kosninga
  4. Kynning á nýjum konum
  5. Önnur mál og nýir félaga sem boðnir hafa verið á fundinn mæta
  6. Orð til umhugsunar
  7. Happdrætti og kaffi.
  8. Rætt um bækurnar sem valdar voru í leshringinn í janúar (Ljósa og
  9. Morgnar í Jenin).
- 
1. Þorgerður kveikti á kertum, setti fund og skilaði kveðju frá fjarverandi félgskonum.
  2. Eygló las fundargerð í fjarveru Þórunnar Bergsdóttur
  3. **Kosning nýrra félaga:** Þorgerður gerði grein fyrir kosningu en kosið var um eina konu sem kynnt hafði verið á fundinum í Naustaskóla fyrir jól en stjórnin ákveðið að sleppa að bera upp til atkvæða í janúar þar sem ekki þótti rétt að kjósa um fleiri en fjórar til sex konur að þessu sinni. Stjórnin hefur eftir þann fund fengið óskir um það frá félagskonum að fá að greiða atkvæði um þessa konu líka og ákvað að verða við þeim óskum. Atkvæðaseðlum var því dreift og sáu svo Sigrún og Eygló um að telja atkvæðin sem féllu á þann veg að einróma var samþykkt að bjóða þessari konu aðild.
  4. **Kynning nýliða:** Á fundinum voru einnig kynntar þrjár nýjar konur sem ákveðið var að greiða atkvæði um á næsta fundi. Nokkur umræða skapaðist um inntöku í deildina og kosningarnar sem henni fylgja. Í dag hefur lögum alþjóðasambandsins verið breytt á þann veg að deildir ákveða sjálfar hvaða háttur er hafður á við inntöku í deildir. Sumar deildir hafa þann háttinn á að konur eru kynntar og síðan eru þær sjálfkrafa samþykktar án kosningar ef engin hreyfir mótmælum til formanns fyrir næsta fund. Ákveðið var að kanna nánar hjá öðrum deildum með hvaða hætti inntöku er hagað hjá þeim og ákvarða síðar hvort við breytum okkar skipulagi eða ekki.
  5. Tveir nýliðar mættu á fundinn, þær Fríða Pétursdóttir og Sigríður Magnúsdóttir og voru þær boðnar velkomnar. Þær kynntu sig fyrir deildinni og Betasystur kynntu sig einnig fyrir þeim.
- Önnur mál:** Lítillega var rætt um að búið væri að halda kynningarfund hér á Akureyri vegna stofnunar nýrrar deildar. Betadeild fagnar því að eignast „systurdeild“ hér á staðnum og samþykkt var að bjóða nýja deild velkomna í samtökin með því að gefa þeim gestabók til notkunar á fundum. Rætt var um landssambandsþing og upplýsti Eygló að samkvæmt fréttum frá landssambandsforseta væri dagskrá og nánari upplýsingar væntanlegar innan skamms. Nokkrar konur lýstu áhuga sínum og fyrirætlan með að mæta á þingið og var ákveðið að vera í tölvupóstsambandi varðandi það að skipuleggja ferðina (bílfar, hótलगistingu o.fl.).
- Þorgerður kynnti ályktun sem stjórnin setti saman vegna niðurskurðar til menntamála sem hugsanlega bitnar á fagmennsku í skólastarfi en ákveðið hafði verið á síðasta fundi að fela stjórninni að semja slíka ályktun. Örlitlar athugasemdir komu fram um orðalag en eftirlagfæringar var ályktunin samþykkt og ákveðið að senda hana áfram til formanna deilda og landssambandsstjórnar.

6. **Orð til umhugsunar:** Anna Jóhannesdóttir flutti okkur orð til umhugsunar. Hún sagði frá því að nýverið hefði Kvennakór Akureyrar sem hún er meðlimur í haldið tónleika í Hofi. Þar voru sungin lög eftir íslensk tónskáld en á milli laga voru fluttar frásagnir af konum en einnig ljóð um konur og eftir konur. Þetta varð kveikjan að því að hún ákvað að lesa fyrir okkur ljóðum konur og eftir konur. Fyrst las hún ljóðin Gestur og Konur eftir Jón úr Vör en síðan ljóðið Viðhorf eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur.
7. **Happadrætti og kaffi.** Þær Björk, María Gunnarsd. og Anna Jóhannesd. sáu okkur fyrir kaffimeðlæti og happdrættisvinninginn að þessu sinni hlaut Gunnlaug Friðriksdóttir.
8. **Vangaveltur um bækur:** Margrét Jónsdóttir reið á vaðið í umræðum um bókina „Ljósá” eftir Kristínu Steinsdóttur. Voru flestar konur á því máli að þarna væri um mjög góða og áhrifamikla bók að ræða sem veitti innsýn í tíðarandann og samfélagið upp úr aldamótunum 1900 og við hvað skilyrði geðfatlaðir einstaklingar og fjölskyldur þeirra bjuggu á þessum tíma. Eftir spjall um hana var rætt um bókina „Morgnar í Jenin“ eftir Susan Abulhawa. Voru flestar konurnar á því að þarna væri einnig um mjög góða bók að ræða sem ætlað væri að veita innsýn í þær aðstæður sem margt fólk á þessu landssvæði býr við.
9. Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ritari: Eygló Björnsdóttir